

Frumvarp til laga

um breyting á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. c laganna bætist ný málsgrein, 1. mgr., er orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að ákvæða samkvæmt umsókn að einstaklingur sem tryggður er samkvæmt lögnum sé áfram tryggður þótt hann uppfylli ekki skilyrði 9. gr. a, enda dveljist hann erlendis við nám og sé ekki tryggður í almannatryggingum námslandsins. Sama gildir um maka hans sem var tryggður hér á landi við upphaf námsins og börn námsmannsins undir 18 ára aldri sem með honum dveljast.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 10. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Til tekna skv. II. kafla laga þessara teljast tekjur skv. II kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna, og frádráttarliða skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Þó skulu við ákvörðun tekjugrundvallar tekjur skv. C-lið 7. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á elli- og örorkulífeyri, örorkustyrk, tekjutryggingu og tekjutryggingarauka skv. 11.–13. gr. og 17. gr. þessara laga. Einnig skulu tekjur öryrkja af atvinnu metnar að 60 hundraðshlutum við ákvörðun tekjugrundvallar við útreikning tekjutryggingar skv. 17. gr.

Þegar um er að ræða elli- og örorkulífeyri skv. 11. og 12. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum, sbr. lög um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Þegar um er að ræða tekjutryggingu skv. 17. gr. teljast ekki til tekna þrátt fyrir 2. mgr. bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur samkvæmt lögum um húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og sambærilegar bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr.

Til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Bótagreiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur bótagreiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattýfirvalda á opinberum

gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna bótafjárhæðir á grundvelli tekna skv. þessari grein. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem ætlaðar tekjur tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að bætur hafa verið vangreiddar skal bótaþega greitt það sem upp á vantar. Hafi tekjutengdar bætur verið ofgreiddar skal um innheimtu fara skv. 50. gr. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um bætur er að ræða skulu tekjur áætlaðar á grundvelli upplýsinga frá þeim aðilum sem getið er um í 2. mgr. 47. gr. og tekjur síðastliðins árs og þess sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur og þagnarskyldu starfsmanna Tryggingastofnunar fer skv. 47. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Orðið „árlegur“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott; á eftir orðinu „ellilífeyrir“ kemur: skal vera; og á eftir skammstöfuninni „kr.“ í sama málslíð kemur: á ári og.
- b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3 mgr. 10. gr.; og við sama málslíð bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
- c. 3. málsl. 2. mgr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Orðið „árlegur“ í 1. málsl. 4. mgr. fellur brott; á eftir skammstöfuninni „kr.“ kemur: á ári; og í stað orðanna „4. mgr.“ í sama málslíð kemur: 5. mgr.
- b. Í stað orðsins „árstekjur“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: tekjur skv. 2. og 3. mgr. 10. gr.; og við sama málslíð bætist: á ári og um framkvæmd fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
- c. 3. málsl. 5. mgr. fellur brott.
- d. 6. mgr. fellur brott.

5. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins skal veita einstaklingi á aldrinum 18–62 ára örorkustyrk að upphæð 13.818 kr. á mánuði ef örorka hans er metin a.m.k. 50% og hann uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. Slíkan styrk skal enn fremur veita þeim sem uppfyllir skilyrði 1. málsl. þessarar málsgreinar og stundar fullt starf ef örorkan hefur í för með sér verulegan aukakostnað. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal einstaklingi sem náð hefur 62 ára aldri, uppfyllir búsetuskilyrði 1. mgr. 12. gr. og er metinn a.m.k. 50% öryrki örorkustyrk sem skal svara til fulls örorkulífeyris skv. 12. gr., þ.e. grunnlífeyris án bóta tengdra honum. Örorkustyrkurinn skerðist eftir sömu reglum og örorkulífeyrir skv. 12. gr. og um tekjur og framkvæmd tekjuútreiknings fer skv. 10. gr.

Greiða skal viðbót við örorkustyrk til þeirra sem hafa börn innan 18 ára á framfæri sínu. Viðbótin má ekki vera hærri en 75% af barnalífeyri, sbr. 14. gr., fyrir hvert barn á framfæri.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
Tekjutrygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Tekjutrygging greiðist einnig þeim sem fá greiddan endurhæfingarlífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.
- b. Á eftir orðinu „ellilífeyrisþega“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
- c. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. másl. 2. mgr. og „sameiginlega tekjur“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
- d. Á eftir orðunum „Ef tekjur“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
- e. Á eftir orðunum „sameiginlegar tekjur“ í 1. másl. 5. mgr. og 1. másl. 6. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
- f. Á eftir orðunum „miðast tekjur“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: skv. 2. og 4. mgr. 10. gr.
- g. Orðin „sbr. 11. mgr.“ í 8. og 9. mgr. falla brott.
- h. Í stað orðanna „9. mgr.“ í 10. mgr. kemur: 10. mgr.
- i. 11. mgr. fellur brott.
- j. Í stað orðanna „lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum“ í 12. mgr. kemur: lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- k. Við 13. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Framkvæmd bótaútreiknings samkvæmt þessari grein fer skv. 5.–7. mgr. 10. gr.
- l. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessarar greinar.
- m. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Tekjutrygging og tekjutryggingarauki.*

7. gr.

18. gr. laganna fellur brott.

8. gr.

2. másl. 1. mgr. 20. gr. laganna fellur brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. B-liður 1. mgr. orðast svo: Nemendur við iðnnám í löggiltum iðngreinum, háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi.

- b. Á eftir e-lið 1. mgr. bætast við tveir nýir stafliðir, svohljóðandi:
- f. Atvinnurekendur í landbúnaði sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn á aldrinum 13 til og með 17 ára.
 - g. Atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en um getur í f-lið.
- c. 4. mgr. fellur brott.
- d. 5. mgr. orðast svo:
- Maki atvinnurekanda og börn hans á aldrinum 13 til og með 17 ára, sbr. g-lið 1. mgr., teljast ekki launþegar samkvæmt þessari grein nema þau starfi við atvinnureksturinn og þiggi laun fyrir.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. 2. og 3. másl. 2. mgr. falla brott.

12. gr.

4. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Greiðslur samkvæmt grein þessari mega ekki fara fram úr $\frac{3}{4}$ af tekjum bótaþega, sbr. 10. gr., við þá atvinnu sem hann stundaði er slysið varð.

13. gr.

31. gr. laganna orðast svo:

Útgjöld slysatrygginga skulu borin af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjöldum skv. 3. mgr. Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag sem standa skal undir kostnaði af bótum vegna þeirra sem um getur í e-lið 1. mgr. 24. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal ár hvert gera áætlun um bótagreiðslur og rekstrarkostnað slysatrygginga næsta almanaksár.

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna skulu vera 0,65% af samanlögðum launum og aflahlut sjómanna sem hjá þeim starfa hverju sinni. Iðgjöld þessi skulu ásamt dagpeningum skv. 6. mgr. 63. gr. standa undir greiðslu launa og/eða aflahlutar skv. 2. mgr. 63. gr. og rekstrarkostnaði slysatrygginga vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar við tryggingu þessa. Iðgjöld þeirra sem heimilisstörf stunda skv. 25. gr. skulu ákveðin þannig að þau standi undir kostnaði við trygginguna og rekstrarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna framkvæmdarinnar.

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Að veita styrk vegna kostnaðar við meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á i-lið 1. mgr. 36. gr. laganna:

- a. 1. og 2. másl. orðast svo: Óhjálkæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að

hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Þó greiðir sjúkra-tryggður hámarksgjald samkvæmt gjaldskrá er ráðherra setur.

- b. Við bætist nýr málsliður, 6. másl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

16. gr.

Í stað 5. mgr. 43. gr. laganna koma sex nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ef elli- eða örorkulífeyrisþegi dvelst lengur en í mánuð samfellt á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum fellur lífeyrir hans og bætur honum tengdar niður ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarna tólf mánuði. Ef ljóst er frá upphafi að um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili eða í hjúkrunarrými öldrunarstofnunar er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Heimilt er þó að víkja frá tímamörkum í 1. másl. þessarar málsgreinar ef sérstaklega stendur á og skal við mat á framlengingu á greiðslu lífeyris og bótum honum tengdum höfð hliðsjón af tekjum skv. 10. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða dvalarheimili fyrir aldraða, sem ekki er á föstum fjárlögum, vistunarframlag allt að því sem á vantar dvalarkostnað í samræmi við lög um málefni aldraðra. Vistunarframlag skal þó aldrei nema hærrí fjárhæð en sem nemur dvalarkostnaði vistmanns á dvalarheimili aldraðra eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr.

Sjúkrahús og stofnanir, skv. 5. og 6. mgr., skulu senda Tryggingastofnun mánaðarlega upplýsingar um vistun.

Þegar lífeyrir og bætur honum tengdar falla niður skv. 5. mgr. er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþega sem dvelst á sjúkrahúsi hér á landi vasapeninga allt að 18.424 kr. á mánuði. Tekjur umfram 3.952 kr. á mánuði skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Vasapeningar falla þó alveg niður við tekjur sem nema 387.563 kr. á ári. Með tekjum er átt við tekjur eins og þær eru skilgreindar í 10. gr. og um tekjuútreikning fer samkvæmt sömu grein. Ef tekjur hlutaðeigandi eru af vinnu á stofnuninni og telja má vinnuna þátt í endurhæfingu er heimilt að ákveða að tekjurnar hafi ekki skerðingaráhrif á vasapeningana svo framarlega sem þær fara ekki yfir tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. og sama gildir um tekjur í formi hlunninda og annarra greiðslna en peninga. Tekjur vegna vinnu á stofnun, sbr. 5. másl. þessarar málsgreinar, umfram tekjumörk tekjutryggingar skv. 17. gr. skerða vasapeninga í samræmi við skerðingarhlutfall 2. másl.

Nú dvelst lífeyrisþegi utan stofnunar nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki og er þá heimilt að greiða honum dagpeninga sem eigi séu lægri en 1.468 kr. á dag þann tíma.

Heimilt er að setja reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðis þessa.

17. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Sækja skal um allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og greiðslur skv. 59. gr. Þó þarf ekki að sækja um bætur skv. 34. gr. og fyrir almenna læknishjálp, sérfræðilæknishjálp og lyf skv. 36. gr. Umsóknir um bætur skulu vera á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins eða með rafrænum hætti á þar til gerðum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu stofnunarinnar.

Umsækjanda og bótaþega er skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um bótarétt, fjárhæð og greiðslu bóta og endur-

skoðun þeirra. Einnig er maka umsækjanda eða bótaþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á fjárhæð bóta. Tryggingastofnun er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrissjóðum, hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í Vinnumálastofnun og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við með rafrænum hætti eða á annan hátt. Þegar um hjón er að ræða er Tryggingastofnun heimilt að afla upplýsinga um tekjur maka og greiðslur til hans hjá framangreindum aðilum ef þær gætu haft áhrif á fjárhæð bóta. Telji umsækjandi, bótaþegi eða maki upplýsingar frá þessum aðilum ekki réttar skal hann leggja fram gögn því til staðfestingar. Umsækjanda og bótaþega er skylt að tilkynna Tryggingastofnun ríkisins um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboðsmenn hennar skulu kynna sér til hlítar aðstæður umsækjanda og bótaþega og gera þeim grein fyrir ýtrasta rétti þeirra samkvæmt lögum þessum, reglugerðum settum á grundvelli laganna og starfsreglum stofnunarinnar. Starfsfólk Tryggingastofnunar og umboða hennar er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

18. gr.

Við 49. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Tryggingastofnun ríkisins gefur út örorkuskírteini til þeirra sem metnir eru a.m.k. 75% öryrkjar og eru sjúkratryggðir hér á landi.

19. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Hafi Tryggingastofnun ríkisins eða umboð hennar ofgreitt bótaþega bætur samkvæmt lögum þessum skal stofnunin draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi síðar kann að öðlast rétt til, sbr. þó 2. mgr. Einnig á Tryggingastofnun endurkröfurétt á hendur bótaþega samkvæmt almennum reglum.

Ef tekjutengdar bætur samkvæmt lögum þessum eru ofgreiddar af Tryggingastofnun eða umboðum hennar skal það sem er ofgreitt dregið frá öðrum tekjutengdum bótum sem bótaþegi síðar öðlast rétt til. Þetta á eingöngu við ef tekjur á ársgrundvelli eru hærri en lagt var til grundvallar við útreikning bóta og ofgreiðsla stafar af því að bótaþegi hefur ekki tilkynnt Tryggingastofnun um tekjuaukninguna, sbr. 47. gr.

Ekki er heimilt að draga frá bótum meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþega, þó aldrei lægri fjárhæð en 3.000 kr., uns ofgreiðsla er endurgreidd að fullu nema samið sé um annað.

Þegar bætur eru vangreiddar skal greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og skulu þeir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt, sbr. þó 48. gr. Sama á við þegar niðurstaða úrskurðarnefndar almannatrygginga, sbr. 7. gr., leiðir til þess að einstaklingur á rétt á bótum en hafði fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. þó 48. gr.

Þegar greiðsla skv. 1. mgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega skal hann greiða dráttarvexti á þá bótafjárhæð og reiknast þeir frá þeim tíma sem endurkröfuréttur stofnast.

20. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skulu eiga við um gjaldstofn, gjaldskyldu, greiðslutímabil, álagningu og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatrygginga sjómanna. Að tekjuári liðnu skal fara fram endanleg ákvörðun iðgjaldsins í samræmi við launaframtal og skal iðgjaldið sérgreint í álagningarskrá og skattskrá. Halda skal skrá yfir gjaldskylda aðila og skal eftir atvikum leita staðfestingar á iðgjaldi útgerðaraðila þegar greiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins er ákvörðuð.

21. gr.

57. gr. laganna orðast svo:

Iðgjöld útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysatryggingar sjómanna skv. 31. gr. skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs.

22. gr.

58. gr. laganna fellur brott.

23. gr.

63. gr. laganna orðast svo:

Útgerðarmenn fiskiskipa skulu tryggja áhættu vegna bótaskyldra slysa, sbr. III. kafla laga þessara og 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Tryggingastofnun greiðir útgerðarmönnum fjárhæð sem svarar til fullra launa og/eða aflahlutar sjómanna í allt að tvo mánuði.

Útgerðarmenn skulu greiða iðgjald skv. 31. gr.

Útgerðarmenn sem þess óska geta sagt upp tryggingu, sbr. 1. mgr., fyrir 1. nóvember ár hvert vegna næsta árs á eftir. Tilkynning um uppsögn skal berast Tryggingastofnun. Eftir að uppsögn hefur öðlast gildi eiga útgerðarmenn ekki rétt á greiðslum vegna launa eða aflahlutar í forföllum vegna slysa en njóta slysatrygginga almennra launþega.

Halda skal tryggingum samkvæmt þessari grein reikningslega aðskildum frá annarri starfsemi Tryggingastofnunar.

Dagpeningar skv. 28. og 38. gr. skulu renna til Tryggingastofnunar þann tíma sem greiðslur launa og aflahlutar eiga sér stað.

II. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 118/1993, með síðari breytingum.

24. gr.

Á eftir 12. gr. laganna koma tvær nýjar greinar ásamt efnisheiti og breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

a. (13. gr.)

Kostnaður við dagvist aldraðra.

Þeir sem njóta þjónustu dagvistar samkvæmt lögum um málefni aldraðra skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings samkvæmt lögum um almannatryggingar. Heimilt er Tryggingastofnun ríkisins að greiða kostnað

vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraða, umfram greiðslur skv. 1. málsl. þessarar greinar.

b. (14. gr.)

Ef greiðsla samkvæmt lögum þessum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skulu þær ákveðnar skv. 10. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum. Einnig skal beita 47. og 50. gr. laga um almannatryggingar vegna upplýsinga um tekjur, þagmælsku starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins og endurheimtu á ofgreiddum bótum.

III. KAFLI

Breyting á lögum um málefni aldraða, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

25. gr.

Á eftir 1. tölul. 2. gr. laganna kemur nýr töluliður er orðast svo: *Vistmaður*: Sá sem dvelur á stofnun skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. og sá sem dvelur lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði á stofnun skv. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. eða í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum.

26. gr.

Á undan 19. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Dagvist*.

27. gr.

Á undan 20. gr. laganna kemur nýtt efnisheiti, svohljóðandi: *Önnur þjónusta en heimaþjónusta*.

28. gr.

Í stað 21.–23. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar ásamt efnisheitum, svohljóðandi:

a. (21. gr.)

Daggjaldastofnanir.

Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar og bætur honum tengdar til vistmanna sem eru á dvalarheimilum sem ekki eru á föstum fjárlögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr., fellur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir upphaf dvalar. Hafi vistmaður engar tekjur, sbr. 26. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins greiða dvalarheimilinu vistunarframlag skv. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, til greiðslu dvalarkostnaðar hans á stofnuninni. Vistunarframlagið skal nema fjárhæð lífeyris vistmanns og bótum tengdum honum og því sem á vantar dvalarkostnað eins og hann er ákveðinn af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 39. gr. laga um almannatryggingar, sbr. þó 22. gr.

Lífeyrir frá lífeyristryggingum almannatrygginga og bætur honum tengdar til vistmanns sem dvelur á stofnun, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 14. gr., sem ekki er á föstum fjárlögum, fellur niður, sbr. 43. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar. Um þátttöku í greiðslu dvalarkostnaðar fer skv. 22. gr.

Með dvalarkostnaði á stofnun fyrir aldraða skv. 1. mgr. er átt við daggjald eins og það er ákveðið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hverju sinni, sbr. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

b. (22. gr.)

Þátttaka vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar og framkvæmd tekjuútreiknings.

Vistmaður, sem hefur tekjur, sbr. 26. gr., umfram 34.659 kr. á mánuði, að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu, skal taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar á stofnun fyrir aldraða. Þó skal greiðsluþátttaka hans aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur daggjöldum á stofnun eins og þau eru ákveðin af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 39. gr. laga um almannatryggingar og 3. mgr. 23. gr. laga þessara.

Eftirfarandi gildir um greiðslu vistmanns á dvalarkostnaði á dvalarheimili og hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými öldrunarstofnunar sem ekki er á föstum fjárlögum og hjúkrunarrými sem er á föstum fjárlögum þegar vistmaður greiðir dvalarkostnað með tekjum sínum að hluta eða öllu leyti:

1. Nú hefur vistmaður tekjur, sbr. 26. gr., sem að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu, eru hærri en 34.659 kr. á mánuði og skal hann þá með þeim tekjum sem umfram eru taka þátt í dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., frá þeim tíma sem greiðslur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins falla niður.
2. Ef tekjur vistmanns á dvalarheimili skv. 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. ná ekki 34.659 kr. á mánuði greiðir Tryggingastofnun ríkisins dvalarkostnað hans með vistunarframlagi, sbr. 1. mgr. 21. gr.
3. Nú á vistmaður maka og skulu þá tekjur vistmanns, sbr. 26. gr., skiptast að jöfnu milli vistmanns og maka að teknu tilliti til afdreginnar staðgreiðslu. Séu tekjurnar eftir skiptinguna hærri en 34.659 kr. á mánuði skal hann standa straum af dvalarkostnaði, sbr. 1. mgr., með þeim tekjum sem umfram eru.

c. (23. gr.)

Innheimta dvalarkostnaðar.

Daggjaldastofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar daglegan hlut hans í dvalarkostnaði nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Þess skal ætíð gætt að vistmaður haldi eftir mánaðarlegu ráðstöfunarfé skv. 22. gr. Stofnun skal gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir innheimtu vegna nýliðins mánaðar fyrir 15. dag næsta mánaðar. Nú vanrækir stofnun þessa innheimtu og er Tryggingastofnun þá heimilt að halda eftir samsvarandi hluta af mánaðarlegum greiðslum vistunarframlags til viðkomandi stofnunar.

Stofnun sem er á föstum fjárlögum skal innheimta hjá vistmanni sjálfum í byrjun hvers mánaðar hlut hans í dvalarkostnaði, sbr. 3. mgr., nýliðins mánaðar þegar hann tekur þátt í greiðslu dvalarkostnaðar skv. 22. gr. Tekjur þessar skulu færast í bókhald stofnunar sem sértekjur. Fjármálaráðuneyti er heimilt samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti að halda eftir af beinum fjárframlögum samkvæmt fjárlögum upphæð sem svarar til þessara sértekna.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skal ákveða hámark greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði á stofnun sem er á föstum fjárlögum. Við ákvörðun skal höfð hliðsjón af ákvörðun daggjalda eins og þau eru ákveðin skv. 39. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

d. (24. gr.)

Vasapeningar.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða vistmanni á stofnun fyrir aldraða vasapeninga skv. 43. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

29. gr.

24. gr. laganna verður 25. gr.

30. gr.

Á eftir 24. gr. laganna (er verður 25. gr.) kemur ný grein, 26. gr., og orðast svo ásamt efnisheiti:

Skilgreining á tekjum o.fl.

Til tekna teljast samkvæmt þessum kafla tekjur skv. II kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, að teknu tilliti til ákvæða 28. gr. sömu laga um hvað ekki telst til tekna og frádráttarliða skv. 1., 3., 4., 5. og 6. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. sömu laga eða undantekninga og takmarkana samkvæmt öðrum sérlögum. Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu þó tekjur skv. C-lið 7. gr., sbr. 8. gr., laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, metnar að 50 hundraðshlutum við útreikning á vistunarframlagi skv. 21. gr., sbr. og 22. gr.

Þrátt fyrir 1. mgr. teljast ekki til tekna bætur frá lífeyristryggingum almannatrygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og bætur frá ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við skv. 64. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast framkvæmd útreiknings á tekjum skv. 21. og 22. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar og greiðir stofnunum vistunarframlag skv. 1. mgr. 21. gr.

Tekjumörk skv. 22. gr. breytast í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Til grundvallar útreikningi á vistunarframlagi hvers mánaðar skal leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum greiðsluársins. Greiðsluár er almanaksár. Áætlun um tekjuupplýsingar skal byggjast á nýjustu upplýsingum frá skattyfirvöldum, umsækjanda og vistmanni. Þegar endanlegar upplýsingar um tekjur greiðsluársins liggja fyrir við álagningu skattyfirvalda á opinberum gjöldum skal Tryggingastofnun ríkisins endurreikna fjárhæðir á grundvelli tekna skv. 1. og 2. mgr. Við þann endurreikning er Tryggingastofnun heimilt að taka tillit til almennra breytinga á launum frá þeim tíma sem áætlaðar tekjur vistmanns tilheyra til þess tíma sem endanlegar tekjur varða. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið vangreitt skal stofnun greitt það sem upp á vantar. Ef vistunarframlag hefur verið ofgreitt af Tryggingastofnun ríkisins skal um endurheimtu á ofgreiðslum fara skv. 50. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum, eftir því sem við á. Tryggingastofnun skal upplýsa umsækjanda eða vistmann um forsendur útreiknings og gefa kost á að koma að athugasemdum.

Ef um nýja umsókn um vistunarframlag er að ræða skal Tryggingastofnun áætla tekjur vistmanns á grundvelli upplýsinga frá skattyfirvöldum og vistmanni og skulu tekjur síðastliðið ár og það sem af er yfirstandandi ári fram að þeim tíma er umsókn barst Tryggingastofnun hafðar til hliðsjónar.

Um upplýsingaskyldu varðandi tekjur fer skv. 47. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. skulu stjórnendur stofnunarinnar óska eftir því við Tryggingastofnun að hún kanni hvort viðkomandi skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 3. mgr. 21. gr. og 23. gr.

31. gr.

Við VI. kafla laganna bætist ný grein sem verður 27. gr. og breytist töluröð annarra greina kaflans samkvæmt því:

Starfsmenn stofnana skv. 1. tölul. 14. gr. skulu gæta þagmælsku um heilsufar, ástand og aðrar persónulegar upplýsingar vistmanna. Þagnarskyldan helst þótt vistmaður andist og þótt starfsmaður láti af störfum. Um þagmælsku starfsmanna á stofnunum skv. 2. tölul. 14. gr. fer samkvæmt lögum um réttindi sjúklinga.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

32. gr.

Í stað 2. mgr. 20. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til heilsugæslustöðvar fyrir þjónustu á heilsugæslustöð í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Einnig skal sjúkratryggður greiða gjald vegna krabbameinsleitar samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Ekki er heimilt að taka gjald vegna mæðra- og ungbarnaverndar og heilsugæslu í skólum. Einstaklingar sem ekki eru sjúkratryggðir hér á landi skulu greiða gjald sem nemur kostnaði við veitta þjónustu á heilsugæslustöð samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur, nema í gildi sé samningur við það ríki sem þeir koma frá vegna þjónustu á heilsugæslustöð.

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða heilsugæslulækni gjald fyrir vitjun samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjald þetta skal vera hærra fyrir vitjanir utan dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi skal óhjákvæmilegur ferðakostnaður læknis innifalinn.

Heimilt er að setja reglugerð um hámark greiðslna sjúkratryggðs einstaklings.

33. gr.

Á eftir 35. gr. laganna kemur ný grein, 35. gr. a, svohljóðandi:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til göngudeilda, slysadeilda og bráðamóttöku sjúkrahúsa fyrir nauðsynlegar rannsóknir, meðferð og aðgerðir hjá sérfræðingum án þess að um innlögn á sjúkrahús sé að ræða í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur. Gjald vegna sérfræðiþjónustu getur verið hlutfallsgjald og má tiltaka hámark þess í reglugerð. Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

V. KAFLI

Breyting á sóttvornalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

34. gr.

Við 2. málsl. 17. gr. laganna bætist: og lögum um heilbrigðisþjónustu.

35. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr., 1.–3. másl. og 7. og 8. másl. 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 12. gr., 1.–3. mgr. 19. gr., 24. gr., b–d-liður (22.–24. gr.) 28. gr. og 30. gr. er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2003 á tekjur ársins 2002.

4.–6. másl. 4. mgr. og 5. mgr. 2. gr. og 4.–6. másl. 5. mgr. og 6. mgr. 30. gr. koma til framkvæmda 1. september 2003.

A-liður 10. gr., 16. gr., 4. og 5. mgr. 19. gr. og a-liður (21. gr.) 28. gr. koma til framkvæmda 1. janúar 2003.

Bótafjárhæðir og tekjumörk í krónutölum, sem tilgreind eru í þeim greinum sem 2.–4. mgr. taka til, breytast í samræmi við breytingar á fjárhæðum bóta eða tekjumarka sem verða fram að gildistöku greinanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér breytingar á ákvæðum fimm lagabálka, þ.e. lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum. Megintilgangur frumvarpsins er að koma til móts við álit umboðsmanns Alþingis varðandi skilgreiningu á tekjuhugtaki laga um almannatryggingar og laga um málefni aldraðra vegna greiðsluhlutdeildar vistmanna í vistunarkostnaði en hann beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að fram færi endurskoðun á þessum lögum og reglugerðum með stoð í þeim. Einnig er með frumvarpinu verið að taka tillit til athugasemda í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 um lífeyrstryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta. Loks eru ákvæði frumvarpsins færð til samræmis við kröfur sem gerðar eru í 15. gr. laga nr. 97/1995 um breytingu á stjórnskipunarlögum, nr. 33/1944.

Helstu breytingar með frumvarpinu eru eftirfarandi:

- Tekjuhugtakið er skilgreint nánar til samræmis við skattalög.
- Gert er ráð fyrir að tekjugrundvöllur bótaútreiknings sé endurskoðaður með vélrænni samkeyrslu og lokauppgjör fari fram einu sinni á ári.
- Lögð er skylda á Tryggingastofnun ríkisins að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.
- Heimild fyrir Tryggingastofnun til að afla upplýsinga um tekjur er sett í lög.
- Gert er ráð fyrir að lögð sé inn umsókn um bætur með fáeinum undantekningum.
- Ákvæði um þagmælsku starfsfólks Tryggingastofnunar og umboða hennar er sett í lög.
- Sérregla er sett í lög um að ofgreiddar tekjutengdar bætur dragist eingöngu frá tekjutengdum bótum sem einstaklingur öðlast síðar rétt til.
- Ekki er heimilt að draga meira en 20% af mánaðarlegum greiðslum frá almannatryggingabótum Tryggingastofnunar til bótaþega.
- Tryggingastofnun skal greiða vexti vegna vangreiddra bóta.
- Bótaþegi skal ekki greiða dráttarvexti á ofgreidda bótafjárhæð nema hún stafi af sviksamlegu atferli hans.
- Ákvæði reglugerðar um örorkustyrk eru tekin inn í lögin.
- Kveðið er skýrt á um hverjir eigi rétt á tekjutryggingu.
- Fellt er út ákvæði um varasjóð í lífeyris- og slysatryggingum.

- Iðgjaldaákvæði í slysatryggingum eru færð til núverandi framkvæmdar og samræmd öðrum lögum.
- Lífeyrir og bætur honum tengdar falla ekki niður fyrir en eftir sex mánaða dvöl undanfarandi tólf mánuði í stað fjögurra mánaða undanfarandi 24 mánuði.
- Vistunarframlag sem rennur til stofnunar (elliheimilisuppbót/dvalarheimilisuppbót) er greitt stofnun í stað vistmanns og felst í því skattalegt hagræði fyrir vistmann og einföldun á framkvæmd hjá Tryggingastofnun.
- Ýmis ákvæði reglugerða og gjaldskráa um tekjur og gjöld eru tekin inn í lög.
- Ákvæði slysatrygginga um vinnu barna eru færð til samræmis við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð um vinnu barna og unglinga.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Löng hefð er fyrir því að tryggja íslenska námsmenn í almannatryggingakerfinu hér á landi á meðan þeir eru í viðurkenndu námi erlendis. Þetta hefur þó ekki gilt ef námsmaður hefur flutt lögheimili sitt til þess lands sem hann stundar nám í, t.d. á Norðurlöndunum. Nú hafa lagabreytingar annars staðar á Norðurlöndum leitt til þess að í sumum tilvikum eru íslenskir námsmenn ekki tryggðir í því landi þar sem nám er stundað þrátt fyrir að þeir hafi flutt lögheimilið þangað. Mikilvægt er að bregðast við þessari þróun á öðrum Norðurlöndum og tryggja íslenska námsmenn í almannatryggingakerfinu hér á landi ef þörf er á.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. er tekjuhugtak lífeyristrygginga skilgreint sérstaklega.

10. gr. núgildandi laga um almannatryggingar og reglugerðir byggðar á II. kafla laganna eru óskýrar að því er varðar tekjuhugtakið og hefur það valdið erfiðleikum við framkvæmd. Hér er því lagt til að tekjuhugtakið verði samræmt í öllum bótaflokkum lífeyristrygginga. Sama hugtak og er í núgildandi 10. gr. laganna er notað í frumvarpinu en orðalag gert nákvæmara og kveðið á um sérreglur einstakra bótaflokka. Frumvarpið var unnið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins og var álit þessara aðila að rétt væri að nota áfram tekjuhugtak skattalaga. Notkun tekjuhugtaks skattalaga er talið auðveldast í framkvæmd og þekkja viðskiptavinir Tryggingastofnunar það hugtak af áratugalangri reynslu í almannatryggingalögum og skattalögum. Skýr ákvæði í lögum auðvelda viðskiptavinum Tryggingastofnunar að gera sér grein fyrir hvaða tekjur geta skert bæt-ur frá stofnuninni. Einnig er einfaldast að afla upplýsinga um tekjur viðskiptavina Tryggingastofnunar hjá skattfyrirvöldum.

Með tekjum í skilningi skattalaga er átt við allar skattskyldar tekjur með þeim undantekningum og takmörkunum sem í skattalögum greinir. Tekjur sem hér falla undir eru m.a. tekjur sem manni hlotnast fyrir hvers konar vinnu, réttindagreiðslur, styrkir, hugverkagreiðslur og hvers konar verðlaun, enn fremur tekjur af atvinnustarfsemi eða sjálfstæðu starfi og tekjur sem eiga uppruna sinn í eignum, þ.e. fjármagnstekjur, og sérhverjar aðrar tekjur eða ígildi tekna. Með fjármagnstekjum er m.a. átt við leigutekjur og arð af hvers konar lausafé, þ.m.t. skip og loftför. Einnig teljast til fjármagnstekna leiga af fasteignum og fasteignaréttindum, vextir, verðbætur, afföll og gengishagnaður, arður af hlutabréfum og hagnaður af sölu eigna.

Fram að þessu hafa laun frá alþjóðastofnunum og staðaruppbót vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis ekki verið tekin með við útreikning bóta, en í frumvarpinu er lagt til að það verði gert. Er talið eðlilegt að þessar tekjur hafi áhrif á bætur eins og aðrar tekjur

og er það til samræmis við ákvæði skattalaga við útreikning vaxtabóta og barnabóta. Því er lögð til sú breyting á frádrætti skv. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. er ekki talinn upp í greininni, þ.e. frádráttur á móti þessum launum verður því ekki heimill.

Tekið er sérstaklega fram í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins að frádráttur skv. 31. gr. skattalaga, þ.e. frádráttur frá tekjum í atvinnurekstri, sé heimill. Hér er ekki um efnislega breytingu að ræða þar sem núgildandi ákvæði hefur verið framkvæmt á þennan hátt. Talið er skýrara að hafa tilvísun í 31. gr. í texta ákvæðisins.

Ákvæði 3. másl. 2. mgr. 11. gr., 3. másl. 5. mgr. 12. gr. og 11. mgr. 17. gr. núgildandi laga um almannatryggingar eru í frumvarpinu flutt í 10. gr. laganna, sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins, til þess að öll ákvæði í II. kafla laganna um hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar við útreikning tekjutengdra bóta séu á einum stað. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegum breytingum á því hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar að undanskildu því sem greinir í næstu málsgrein hér á undan um laun frá alþjóðastofnunum og staðaruppbót. Samkvæmt núgildandi framkvæmd er tekið tillit til allra fjármagnstekna og eru þær metnar 50% við útreikning bóta. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegri breytingu varðandi fjármagnstekjur en ákvæði reglugerðar um tekjutryggingu er tekið inn í 10. gr. laganna.

Þegar sótt er um tekjutengdar bætur hjá Tryggingastofnun er lögð inn umsókn og yfirlýsing um tekjur. Þegar úrskurður um bætur liggur fyrir fær umsækjandi tilkynningu frá lífeyrstryggingasviði Tryggingastofnunar og afrit af tekjuyfirlýsingu sinni. Þar kemur fram að bæt-ur hafi verið ákvarðaðar á grundvelli tekjuyfirlýsingar og er fjárhæð bótanna tilgreind. Ekki kemur fram hvaða tekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sem að hve miklu leyti tekjur síðasta skattframtals hafi verið lagðar til grundvallar við útreikning bóta. Umsækjanda er gerð grein fyrir þessum tekjum við gerð tekjuyfirlýsingar og með hvaða hætti þær skerða væntanlegar bætur. Umsækjandi þarf oft á aðstoð annarra að halda til að meta framtíðar-tekjur, ekki síst eignatekjur, og kann að eiga erfitt um vik að koma athugasemdum að ef sundurliðaðar upplýsingar liggja ekki fyrir. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar kemur fram að tekjuyfirlýsingar leiði oft til of- eða van-greiðslna tekjutengdra bóta. Efbótageiðslur eru endurákvörðaðar vegna mismunar, sem upp kemur á milli tekna samkvæmt tekjuyfirlýsingar og skattframtals, hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar, geta afleidd áhrif verið umtalsverð. Tekjur hafa t.d. áhrif á rétt bótaþega til barnabóta og vaxtabóta. Enn fremur geta bótageiðslur haft veruleg áhrif á skattgreiðslur með tilliti til nýtingar á persónuafslætti. Endurákvörðun getur einnig haft áhrif á ýmiss konar endurgreiðslur úr sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar. Hafi bótaþegi fengið greidda einhverja tekjutryggingu á hann í vissum tilvikum rétt á þátttöku Tryggingastofnunar í ýmiss konar sjúkrakostnaði. Því er hugsanlegt að ekki bæri einungis að endurkrefja bótaþega vegna ofgreiddra bóta heldur einnig vegna kostnaðarþátttöku sem hann átti ekki rétt til. Þannig liggur fyrir að endurákvörðun bóta samkvæmt núgildandi lögum veldur ekki aðeins vandkvæðum hjá bótaþega og ýmsum deildum Tryggingastofnunar heldur einnig í skattkerfinu því endurákvörðun bóta leiðir oftast til endurákvörðunar opinberra gjalda hjá skattyfirvöldum. Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins er verið að koma til móts við athugasemdir Ríkisendurskoðunar í skýrslu um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar og koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar tekjuyfirlýsinga. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skuli leggja $\frac{1}{2}$ af áætluðum tekjum bótageiðsluársins. Gert er ráð fyrir að fram fari lokauppgjör í kjölfar álagningar skattyfirvalda á opinberum gjöldum, en þá ættu að liggja fyrir endanlegar upplýsingar um tekjur bótaþega. Þetta lokauppgjör yrði framkvæmt

með vélrænni samkeyrslu fyrirliggjandi upplýsinga um tekjur. Í frumvarpinu er lögð skylda á Tryggingastofnun að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Um endurheimtu á ofgreiddum bótum fer skv. 50. gr. laganna, sbr. 19. gr. frumvarpsins. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyrstrygginga-svið Tryggingastofnunar er talið að stofnunin þurfi aðgang að upplýsingum frá skatt-yfirvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum til að geta greitt bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun fái aðgang að upplýsingum frá þessum aðilum. Þörfin á tekjuyfirlýsingum af því tagi sem nú eru notaðar hjá Tryggingastofnun verður minni ef frumvarpið verður að lögum og neikvæð áhrif þeirra því hverfandi.

Í 5. mgr. greinarinnar er gert ráð fyrir sérákvæði um þá sem sækja um tekjutengdar bætur í fyrsta skipti hjá Tryggingastofnun. Þar er gert ráð fyrir skýrum reglum um hvernig skuli áætla tekjur umsækjanda og bótaþega.

Í 6. mgr. er vísað til ákvæða 47. gr. laganna, sbr. 17. gr. frumvarpsins, að því er varðar upplýsingaskyldu og þagmælsku starfsfólks Tryggingastofnunar.

Um 3. og 4. gr.

Orðalag í 11. og 12. gr. laganna er lagfært til samræmis við breytingar á 10. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Í d-lið 4. gr. frumvarpsins er 6. mgr. 12. gr. laganna felld brott og er hún flutt í 49. gr. laganna, sbr. 18. gr. frumvarpsins. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um útgáfu Tryggingastofnunar ríkisins á skírteinum í grein sem fjallar um almenna framkvæmd Tryggingastofnunar og var þessu breytt samkvæmt ábendingum stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu eru reglur nr. 341/1992, sbr. 363/1994, um úthlutun örorkustyrkja felld inn í lögina og tekið tillit til framkvæmdar Tryggingastofnunar ríkisins á þessum reglum. Er þetta gert til að gera lagaákvæði um örorkustyrk skýrari en óveruleg efnisleg breyting er fólgin í umorðun ákvæðisins vegna framkvæmdar Tryggingastofnunar. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um nánari framkvæmd ákvæðisins.

Um 6. gr.

Orðalag 17. gr. laganna er lagfært til samræmis við breytingar á 10. gr., sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Þá er nýrri málsgrein bætt við 17. gr. laganna sem verður 1. mgr. þar sem segir að tekju-trygging greiðist þeim sem fá greiddan elli-, örorku-, endurhæfingar- eða slysalífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Núgildandi 17. gr. hefur verið framkvæmd á þennan hátt þrátt fyrir að ekki sé greint frá því hverjir eigi rétt á tekjutryggingu.

Í 13. mgr. 17. gr. laganna er bætt við nýjum málslíð um að framkvæmd á útreikningi tekjutryggingar fari skv. 5.–7. mgr. 10. gr., sbr. 4.–6. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þykir rétt að samræmis sé gætt við framkvæmd útreiknings á tekjutengdum bótum.

Um 7. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 18. gr. laganna falli brott. Í núgildandi lögum er sérregla um hvernig skuli rökstyðja umsókn um hækkun tekjutryggingar. Ekki er talin þörf á slíkri sér-

reglu þar sem gert er ráð fyrir að í 47. gr. laganna verði almenn regla um allar tekjutengdar bætur, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Gert er ráð fyrir sérstakri reglugerðarheimild um nánari framkvæmd 17. gr. í 6. gr. frumvarpsins en reglugerðarheimild í 18. gr. laganna er felld brott. Er gert ráð fyrir að reglugerðarheimild í 10. og 17. gr. og almenna reglugerðarheimildin í 66. gr. laganna nái yfir þau tilvik sem 2. mgr. 18. gr. núgildandi laga tekur til.

Um 8. gr.

2. másl. 1. mgr. 20. gr. laganna er felldur brott þar sem hann fjallar um tillag til varasjóðs í lífeyristryggingum en slíkur varasjóður er ekki lengur til staðar.

Um 9. gr.

Í núgildandi lögum um almannatryggingar er engin skilgreining á hugtakinu slys. Tryggingastofnun ríkisins hefur um áratuga skeið stuðst við þá skilgreiningu sem hér er lagt til að verði sett í lögin. Er hún í samræmi við þá skilgreiningu sem notuð er í váttryggingarrétti og í dönskum lögum um slysatryggingar.

Um 10. gr.

Í a-lið er ákvæði b-liðar 1. mgr. 24. gr. laganna breytt til samræmis við núgildandi lög um iðnnám. Enn fremur er hér bætt við háskólanemum og nemum í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum þegar þeir sinna verklegu námi. Hér er einkum átt við háskólanemendur í læknadeild, tannlæknadeild, lyfjafræðideild, hjúkrunarfræðideild, heilbrigðisdeild, raunvísindadeild og meinatæknanámi. Með nemendum í starfsnámi er einkum átt við sjúkraliða. Brýnt er að þessi hópur nemenda sé slysatryggður, en í tengslum við sitt nám vinna þeir með sjúklinga og ýmis hættuleg efni.

Í b-lið er gert ráð fyrir að atvinnurekendur í landbúnaði, sem vinna landbúnaðarstörf, makar þeirra og börn 13 til og með 17 ára séu slysatryggð. Þá er gert ráð fyrir að atvinnurekendur sem starfa að eigin atvinnurekstri í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði séu ávallt slysatryggðir. Skv. 25. gr. í núgildandi lögum eru þessum aðilum tryggðar slysabætur nema þeir taki fram í skattframtali í byrjun árs að tryggingar sé ekki óskað. Þessir aðilar eru ætíð taldir slysatryggðir samkvæmt núverandi framkvæmd og ekki er gert ráð fyrir því lengur í skattframtali að þeir geti verið undanskildir slysatryggingu. Er verið að færa lögin til samræmis við þá framkvæmd sem í gildi er, enda er hún ótvírætt þessum aðilum í hag. Enn fremur hefur Tryggingastofnun beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að ákvæðinu verði breytt á þennan hátt.

Í c-lið er 4. mgr. 24. gr. laganna felld brott þar sem fólk í lausavinnu er ekki undanþegið slysatryggingu samkvæmt núverandi framkvæmd. Tryggingastofnun hefur greint frá því að fólk í lausavinnu sé slysatryggt eins og aðrir starfsmenn og hefur beint þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins að beita sér fyrir því að ákvæðið verði felld brott.

Í d-lið er 5. mgr. breytt á þann veg að börn á aldrinum 13 til og með 17 ára teljast einungis launþegar ef þau starfa við atvinnurekstur foreldra annan en landbúnað ef þau þiggja laun fyrir. Teljast þau slysatryggð í þeim tilvikum og er verið að færa lögin til samræmis við þá framkvæmd sem í gildi hefur verið. Hér þótti einnig rétt að færa lög um almannatryggingar til samræmis við lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og reglugerð nr. 426/1999 um vinnu barna og unglinga.

Um 11. gr.

Til samræmis við breytingu á 24. gr. laganna eru breytingar lagðar til á 25. gr. og er vísað til athugasemda við 10. gr. frumvarpsins til skýringar.

Um 12. gr.

Til samræmis við breytingu á 10. og 24. gr. laganna eru breytingar lagðar til á 28. gr. og er vísað til athugasemda við 2. og 10. gr. frumvarpsins til skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði 1. mgr. er til samræmis við breytingu á 24. og 25. gr. laganna og er vísað til athugasemda við 10. og 11. gr. frumvarpsins. Iðgjöld af lausavinnu eru ekki innheimt samkvæmt núverandi framkvæmd, enda eru slysatryggingar bornar uppi af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi.

Fellt er brott ákvæði um tillag til varasjóðs þar sem slysatryggingar eru bornar uppi af tekjum ríkissjóðs af tryggingagjaldi og iðgjaldi vegna þeirra sem heimilisstörf stunda, sbr. 25. gr. Slíkur varasjóður hefur ekki þýðingu lengur.

Enn fremur er felld brott heimild til setningar reglugerðar um iðgjald af trillubátum og meiri háttar heimilisaflvélum. Samkvæmt núverandi framkvæmd er slíkt iðgjald ekki innheimt. Greitt er tryggingagjald vegna sjómennsku á trillubátum en ekki hefur verið ljóst hvað átt væri við með meiri háttar heimilisaflvélum. Þó er ljóst að iðgjald hefur ekki verið innheimt og að ákvæðið hefur enga þýðingu í dag.

Ákvæði um iðgjald vegna útgerðar fiskiskipa vegna slysatryggingar sjómanna og vegna þeirra sem heimilisstörf stunda er gert skýrara en er efnislega óbreytt.

Um 14. gr.

Hér er lagt til að ákvæði í reglugerð nr. 660/1998 um greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins fyrir meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum, verði felld inn í lög. Er þetta gert til að gera ákvæði um greiðsluþáttöku Tryggingastofnunar við slíka meðferð skýrari en ekki er um efnislega breytingu að ræða. Einnig er reglugerðarheimild bætt í ákvæðið.

Um 15. gr.

Í frumvarpinu er verið að gera ákvæði um greiðsluþáttöku Tryggingastofnunar vegna óhjákvæmilegs flutningskostnaðar sjúkratryggðs í sjúkrahús innan lands skýrari og aðgengilegri en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Er breyting þessi gerð vegna ábendinga frá Tryggingastofnun ríkisins.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir að bætur elli- eða örorkulífeyrisþega falli niður ef hann dvelst á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum ef vistin hefur varað lengur en sex mánuði undanfarandi tólf mánuði. Ef ljóst er að aldraður einstaklingur vistast til frambúðar á stofnun er gert ráð fyrir að bæturnar falli niður frá fyrsta degi næsta mánaðar frá því að dvöl hófst. Samkvæmt nágildandi 43. gr. laganna er gert ráð fyrir að bæturnar falli niður ef vistin hefur varað lengur en fjóra mánuði undanfarandi 24 mánuði. Regla þessi hefur verið lengi í lögum um almannatryggingar en hefur sætt gagnrýni, m.a. hefur verið bent á að hvíldarinnlagnir geta varað í allt að nokkrar vikur í einu og þykir ósanngjarnt að lífeyrisþegi missi bætur vegna þess. Þá má nefna að samkvæmt lögum um málefni aldraðra er gert ráð fyrir að aldraðir geti

verið sem lengst í heimahúsi og þar sem ýmis fastur kostnaður fylgir því að halda úti heimili er talið eðlilegt að lengja tímabilið í sex mánuði undanfarna 12 mánuði. Er um talsverða rýmkun að ræða til hagsbóta fyrir lífeyrisþega.

Með frumvarpinu er verið að gera ákvæði 43. gr. laganna skýrari að því er varðar uppbót á lífeyri (elliheimilisuppbót/dvalarheimilisuppbót) sem í frumvarpinu nefnist vistunarframlag er greiðist beint til stofnunar. Einnig er vísað til laga um málefni aldraðra þar sem nánar er kveðið á um greiðslu dvalarkostnaðar á dvalarheimilum og í hjúkrunarrýmum stofnunar. Þar sem í nágildandi 43. gr. er engin tilvísun til laga um málefni aldraðra hefur skapast óvissa í framkvæmd. Ekki er um efnislega breytingu að ræða frá nágildandi lögum að öðru leyti.

Ákvæði reglugerðar nr. 213/1991, sbr. breytingareglugerðir nr. 321/1991, 204/1999 og 110/2000, um greiðslu vasapeninga til sjúkratryggðra eru felld inn í ákvæði 43. gr. laganna. Einnig er vísað til tekjuskilgreiningar í 10. gr. laganna, sbr. 2. gr. frumvarpsins, til að gæta samræmis og hafa framkvæmdina skýrari.

Í 5. mgr. er engin efnisleg breyting en sett er fjárhæð í stað þess að miða dagpeninga utan stofnana við tvöfalda sjúkradagpeninga.

Í 6. mgr. er heimild til að setja reglugerð á grundvelli ákvæðisins en slíka heimild er ekki að finna í nágildandi 43. gr. laganna.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið skýrt á um að sækja þurfi um allar bætur og greiðslu meðlags skv. 59. gr. laganna til Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig er ákvæði um að ekki sé krafist umsókna um sjúkrabætur að undanskildum sjúkradagpeningum fært frammar í greinina. Þá er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun geti tekið við umsóknum með rafrænum hætti.

Í 2. mgr. er ákvæði um upplýsingaskyldu umorðað en einnig er gerð sú krafa að maki skuli veita sömu upplýsingar ef þær geta haft áhrif á fjárhæð bóta og er það nýmæli. Kveðið er skýrt á um að Tryggingastofnun sé heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um tekjur umsækjanda og bótaþega hjá skattyfirvöldum, greiðslur til umsækjanda og bótaþega hjá lífeyrisjóðum og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í Vinnumálastofnun með rafrænum hætti eða á annan hátt. Sama gildir um upplýsingar um tekjur maka ef þær hafa áhrif á fjárhæð bóta. Hér er einnig um nýmæli að ræða og er með frumvarpinu verið að koma til móts við athugasemdir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins. Í skýrslunni er gagnrýnt að upplýsingaflæði milli Tryggingastofnunar og lífeyrissjóðanna sé ekki nægilega gott. Bætur séu íðulega of- eða vangreiddar þar sem mikið ósamræmi sé í lífeyrissjóðsgreiðslum samkvæmt skattframtölum og þeim lífeyrissjóðsgreiðslum sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á viðmiðunartekjum einstaklinga við gerð tekjuyfirlýsinga. Enn fremur telur Ríkisendurskoðun æskilegt að stofnunin hafi aðgang að atvinnuleysisbótakerfinu en í nokkrum tilvikum megi rekja ofgreiðslu bóta til vantalinna atvinnuleysisbóta. Með þessu ætti einnig að vera auðveldara að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að upplýsingum um tekjur en þeir starfsmenn Tryggingastofnunar sem starfs síns vegna þurfa á þeim að halda.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að umsækjendur og bótaþegar tilkynni Tryggingastofnun um breytingar á tekjum sem verða á yfirstandandi tekjuári. Ef gefnar eru rangar upplýsingar skal beita ákvæðum 50. gr., sbr. 19. gr. frumvarpsins. Hér er einnig um nýmæli að ræða sem rekja má til athugasemda Ríkisendurskoðunar í skýrslu um lífeyristryggingasvið Tryggingastofnunar ríkisins. Í skýrslunni er bent á að mikill misbrestur sé á að lífeyrisþegar tilkynni stofn-

uninni hvenær lífeyrissjóðsgreiðslur muni hefjast og leiði þetta oft til of- eða vangreiðslna bóta.

Einnig er nýmæli að kveða á um að ef umsækjandi, bótaþegi eða maki telur upplýsingar frá skattafirvöldum, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysisstryggingasjóði í Vinnumálastofnun, og hjá sambærilegum stofnunum erlendis þegar það á við ekki réttar geti hann lagt fram gögn því til staðfestingar. Með því er leitast við að tryggja að útreikningur bóta byggist á réttum tekjuupplýsingum enda væri ósanngjarnt að gefa umsækjanda, bótaþega eða maka ekki kost á að koma að leiðréttingum.

Í 3. mgr. er enn fremur lagt til það nýmæli að ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um þagmælsku séu sérstaklega tilgreind í 47. gr. laga um almannatryggingar vegna starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins. Sambærilegt ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildir að sjálfsögðu um starfsmenn Tryggingastofnunar, en rétt þykir þó að hnykkja á reglum um þagmælsku með því að setja sérstakt ákvæði í lögum um almannatryggingar. Að öðru leyti er 3. mgr. efnislega óbreytt frá núgildandi 47. gr. laganna.

Um 18. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna er felld brott, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og flutt í 49. gr. laganna. Eðlilegra þykir að hafa ákvæði um útgáfu Tryggingastofnunar á skírteinum í ákvæði sem fjallar um almenna framkvæmd Tryggingastofnunar.

Um 19. gr.

Í 1. mgr. er ákvæði 1. mgr. 50. gr. laganna einungis umorðað.

Í 2. mgr. er sérregla um endurkröfu Tryggingastofnunar á hendur bótaþega á ofgreiddum tekjutengdum bótum. Þegar um tekjutengdar bætur er að ræða er eingöngu heimilt að draga ofgreiddar tekjutengdar bætur frá öðrum tekjutengdum bótum.

Í 3. mgr. er lögð til mikil réttarbót en þar er takmarkað hversu mikið megi draga frá bótum vegna endurkröfu ofgreiddra bóta. Er einungis heimilað að draga frá bótum allt að 20% af mánaðarlegum greiðslum til bótaþegans uns skuldin er að fullu greidd. Þó er aldrei dregin lægri fjárhæð frá bótum en 3.000 kr. Með ákvæðinu er verið að koma í veg fyrir að bótaþegi geti lent í því að verða bótalaus í einhvern tíma vegna endurkröfu á ofgreiddum bótum. Mun það tryggja betur fjárhagslegt öryggi bótaþegans. Má þó vænta þess að ef frumvarpið verður að lögum muni tilfellum þar sem um ofgreiðslur tekjutengdra bóta er að ræða fækka til muna en Tryggingastofnun mun samkvæmt frumvarpinu byggja útreikninga sína á mun fullkomnari og nýrri tekjuupplýsingum.

Í 4. mgr. er það nýmæli að Tryggingastofnun ríkisins greiði vexti þegar bætur eru vangreiddar. Skulu vextir reiknast frá þeim degi sem skilyrði til bótanna eru uppfyllt. Séu bætur úrskurðaðar aftur í tímann í samræmi við 48. gr. er gert ráð fyrir að vextir verði greiddir á bæturnar fyrir það tímabil. Með vangreiðslu bóta er því jafnframt átt við bætur sem bótaþegi átti rétt á, jafnvel þótt umsókn og fullnægjandi gögn liggi ekki fyrir. Þykir sanngjarnt að greiða vexti í þessum tilvikum. Á það einnig við þegar synjun um bætur frá Tryggingastofnun ríkisins er hnekkð eða bótafjárhæð er hækkuð af úrskurðarnefnd almannatrygginga. Er miðað við vaxtaprósentuna 5,5 sem er í samræmi við bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 3/2001 og 9/2001.

Samkvæmt 5. mgr. skal bótaþegi greiða dráttarvexti ef greiðslur Tryggingastofnunar stafa af sviksamlegu atferli bótaþegans. Í núgildandi 50. gr. laganna er ákvæði sem heimilar að endurkrefja allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ofgreidd var stafi greiðsla af sviksamlegu at-

ferli bótapega. Ákvæði þessu hefur ekki verið beitt í framkvæmd og þykir rétt að fella það brott.

Um 20. gr.

Í greininni er lagt til að ákvæði laga um tryggingagjald taki til gjaldstofns, gjaldskyldu, greiðslutímabils, álagningar og innheimtu iðgjalds útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysa-trygginga sjómanna. Ákvæðið er nú í reglugerð nr. 776/1999 um iðgjöld vegna slysa-trygginga sjómanna en talið er skýrara að hafa slíka reglu í lögum. Ekki er um efnislega breytingu að ræða.

Reglugerðarheimild í nágildandi 2. mgr. 55. gr. laganna sem kveður á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja sem um getur í 4. mgr. 31. gr. er felld brott. Tilvísunin til 4. mgr. 31. gr. á væntanlega að vera 3. mgr. 31. gr. en þar er fjallað um iðgjöld vegna trillu-báta og meiri háttar heimilisafvléla. Vísað er til athugasemda við 13. gr. frumvarpsins.

Um 21. gr.

Ákvæði 57. gr. laganna er breytt í samræmi við breytingar á 31. gr. laganna, sbr. 13. gr. frumvarpsins, en iðgjöld eru ekki innheimt af meiri háttar heimilisafvlélum. Vísað er til athugasemda við 13. gr. frumvarpsins.

Um 22. gr.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að 58. gr. laganna falli brott þar sem ekki er um varasjóð að ræða í lífeyrstryggingum lengur og óraunhæft að ræða um varasjóð í slysastryggingum sem nú eru fjármagnaðar með tryggingagjaldi og iðgjöldum útgerðarmanna fiskiskipa vegna slysastrygginga sjómanna og iðgjöldum þeirra sem heimilisstörf stunda. Fyrirnefnda iðgjaldið innheimtist mánaðarlega ásamt tryggingagjaldi og síðarnefnda iðgjaldið er innheimt með álagningu opinberra gjalda einu sinni á ári.

Um 23. gr.

Ákvæði 63. gr. laganna er umorðað en ekki er um efnislegar breytingar að ræða. Jafnframt eru ákvæði reglugerðar nr. 776/1999 um iðgjald vegna slysastrygginga sjómanna tekin inn í lögum.

Um 24. gr.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir nýrri grein, 13. gr., í lögum um félagslega aðstoð. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, kveður á um að þeir sem njóta þjónustu dagvistar aldraðra skuli taka þátt í kostnaði af dagvistinni að hámarki sem nemur óskertum grunnlífeyri einstaklings og að Tryggingastofnun ríkisins skuli greiða annan kostnað vegna þjónustu dagvistar fyrir aldraða. Rétt þykir að ákvæði um heimild til slíkrar greiðslu sé einnig í lögum um félagslega aðstoð.

Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri grein, 14. gr., í lögum um félagslega aðstoð til að gæta samræmis við útreikning á heimildabótum sem grundvallast á tekjum og útreikning á tekju-tengdum bótum samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 25. gr.

Vegna breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu er nauðsynlegt að skilgreina orðið vistmaður.

Um 26. og 27. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 28. gr.

Um a-lið (21. gr.).

Samkvæmt nágildandi 43. gr. laga um almannatryggingar falla bætur niður hjá þeim sem eru á sjúkrahúsi, þ.m.t. hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana án tillits til rekstrarforms. Ef lífeyrisþegi er á dvalarheimili fyrir aldraða sem rekið er með daggjöldum eru bætur greiddar á nafn hans en þær látnar renna til stofnunar á grundvelli umboðs frá honum. Ekki er greidd elliheimilisuppbót (vistunarframlag) og engin millifærsla fer fram þegar um er að ræða hjúkrunarheimili og hjúkrunarrými á öldrunarstofnun sem eru á föstum fjárlögum. Hér er mikið ósamræmi þar sem skattalega kemur sá sem er á sjúkrahúsi, þ.m.t. hjúkrunarheimilum og hjúkrunarrýmum öldrunarstofnana, betur út en sá sem er á dvalarheimili fyrir aldraða. Persónuafsláttur er nýttur á móti útreiknuðum skatti af bótum þeirra sem eru á dvalarheimili en í þeim tilvikum þar sem bætur falla niður, þ.e. á sjúkrahúsum, nýttist persónuafsláttur að fullu á móti öðrum tekjum lífeyrisþegans. Í frumvarpinu er lagt til að sama regla gildi um báða hópana og hefur hagstæðari reglan fyrir lífeyrisþegann verið valin. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæði 21. gr. laga um málefni aldraðra verði gerð skýrari og auðveldari í túlkun og framkvæmd. Gert er ráð fyrir að bætur til elli- og örorkulífeyrisþega falli niður við vistun á stofnun, þ.e. á hjúkrunarheimili, hjúkrunarrými á öldrunarstofnun og dvalarheimili fyrir aldraða, svo og við vistun í hjúkrunarrými stofnunar sem er á föstum fjárlögum. Mun það einnig einfalda mjög framkvæmd hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Um b-lið (22. gr.).

Ákvæði 22. gr. laganna fjallar um það hvernig vistmaður skuli taka þátt í greiðslu dvalarkostnaðar, hvernig framkvæma skuli tekjuútreikning og hámark þess gjalds sem vistmaður á að greiða. Frumvarpið gerir ráð fyrir að 22. gr. laganna verði gerð ítarlegri og skýrari þannig að túlkun og framkvæmd verði auðveldari. Ákvæði reglugerðar nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, eru m.a. felld inn í 22. gr. Ekki er um að ræða efnislegar breytingar frá nágildandi lögum og framkvæmd. Með breytingunni er verið að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997, en þar kemur fram að tekjuhugtakið sé ekki nægilega skýrt.

Um c-lið (23. gr.).

Frumvarpið gerir ráð fyrir nýrri grein, 23. gr., sem fjallar um innheimtu dvalarkostnaðar hjá vistmanni. Með þessu er m.a. verið að flytja ákvæði reglugerðar nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, inn í lagatextann. Er þetta gert til að gera lögina skýrari og koma til móts við athugasemdir umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997. Greinin felur ekki í sér efnislegar breytingar.

Um d-lið (24. gr.).

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir efnislegri breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra varðandi vasapeninga. Eingöngu er bætt inn tilvísun til ákvæða 43. gr. laga um almannatryggingar, sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Um 29. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikning á greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði verði skilgreindar á sama hátt og í 10. gr. laga um almanna-tryggingar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 2125/1997 var gerð sú athugasemd að meinbugir væru á ákvæðum laga að því er varðar afmörkun á þeim tekjum aldraðra vistmanna, sem taka þátt í greiðslu vistunarkostnaðar, sem til skoðunar koma við ákvörðun greiðsluhlutdeildar. Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði skattalaga verði höfð til hliðsjónar við skilgreiningu á tekjuhugtakinu og er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins.

Í 2. mgr. er kveðið skýrt á um hvaða tekjur skuli ekki teljast til tekna þegar verið er að ákvarða greiðsluþátttöku vistmanns í dvalarkostnaði.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd útreiknings á tekjum og greiði stofnun vistunarframlag en engin breyting er fólgin í ákvæðinu þar sem Tryggingastofnun annast útreikning og greiðslur samkvæmt nágildandi lögum og reglugerðum.

Í 4. mgr. er gert ráð fyrir að tekjumörk vegna þátttöku vistmanns, sem hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, í greiðslu dvalarkostnaðar breytist í samræmi við breytingar á tekjutryggingu skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993. Ákvæði þetta er í reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða, með síðari breytingum, en rétt þykir að hafa slíkt ákvæði í lögnum.

Í 5. mgr. er fjallað um grundvöll útreiknings á vistunarframlagi og endurskoðun útreiknings. Er vísað til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins til skýringa en rétt þykir að hafa samræmi í framkvæmd þessari.

Í 6. mgr. er fjallað um hvernig skuli fara með nýjar umsóknir og hvaða tekjur skuli þá leggja til grundvallar útreikningi vistunarframlags. Vísað er til athugasemda við 2. gr. frumvarpsins til frekari skýringa.

Í 7. mgr. er fjallað um skyldu vistmanns til að veita upplýsingar um tekjur og er vísað til 47. gr. laga um almannatryggingar. Er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins til skýringa.

Í 8. mgr. er fjallað um þegar nýr vistmaður kemur til dvalar á stofnun skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. 14. gr. laganna. Ákvæði þessi eru í reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði reglugerðarinnar séu í lögnum til að gera þau skýrari.

Um 31. gr.

Ákvæðið er nýmæli í lögum um málefni aldraðra og er talið rétt að setja slíkt ákvæði í lögin þar sem ekki er um ríkisstarfsmenn að ræða í öllum tilvikum. Ef um er að ræða hjúkr-unarrými stofnana gilda lögin um réttindi sjúklinga og er talið rétt að hnykkja á því í lögum þessum. Er vísað til athugasemda við 17. gr. frumvarpsins til frekari skýringar.

Um 32. gr.

Hér eru felld inn í lögin nokkur ákvæði reglugerðar nr. 68/1996, sbr. breytingareglugerðir nr. 246/1997, 529/1997 og 236/1999, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Er þetta gert til að gera lagaákvæði um greiðsluþátttöku skýrari og aðgengi-legri en ekki er um efnislegar breytingar að ræða.

Um 33. gr.

Sjá athugasemdir við 32. gr. frumvarpsins.

Um 34. gr.

Gert er ráð fyrir breytingu á sóttvarnalögum til samræmis við breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Um 35. gr.

Gert er ráð fyrir að löggin öðlist gildi þegar í stað. Þó er gert ráð fyrir að ákvæði er snerta útreikning bóta á grundvelli tekna komi til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2003 á tekjur ársins 2002. Ákvæði er varða niðurfellingu á bótum þegar vistmaður dvelur á stofnun, ákvæði um slysatryggingu háskólanema í verklegu námi og ákvæði um vexti koma til framkvæmda 1. janúar 2003. Ákvæði er varða árlegan endurútreikning Tryggingastofnunar koma til framkvæmda 1. september 2003. Er þetta gert til að Tryggingastofnun ríkisins geti undirbúið framkvæmdina en um töluverðar breytingar er að ræða vegna framkvæmdar á tekjutengdum bótum.

Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,
fjárlagaskrifstofa:*

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð, lögum um málefni aldraðra, lögum um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalögum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar, laga um félagslega aðstoð, laga um málefni aldraðra, laga um heilbrigðisþjónustu og sóttvarnalaga. Megintilgangur frumvarpsins er að koma á mótis við álit umboðsmanns Alþingis sem beindi þeim tilmælum til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis að tekjuhugtak laga um almannatryggingar yrði tekið til endurskoðunar, svo og ákvæði um greiðsluhlutdeild vistmanna í vistunarkostnaði í lögum um málefni aldraðra. Þá er í frumvarpinu tekið mið af athugasemdum Ríkisendurskoðunar varðandi tekjutengdar bætur almannatrygginga og greiðslu bóta.

Frumvarpið hefur nokkur áhrif á greiðslu bóta almannatrygginga. Þau ákvæði sem helst hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs eru þessi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir í frumvarpinu að tekjuhugtak sem notað er til að reikna út bætur almannatrygginga verði skilgreint nánar til samræmis við ákvæði skattalaga. Í þessu felst að sama tekjuhugtakið verður notað í öllum bótaflokkum almannatrygginga. Notkun tekjuhuktaks skattalaga er talin verða auðveldari í framkvæmd þar sem ávallt er hægt að sækja nýjar upplýsingar um tekjur við ákvörðun bótafjárhæðar einstaklings en jafnframt verður auðveldara fyrir bótaþega að gera sér grein fyrir við hvaða tekjur bótafjárhæð er miðuð. Þegar sótt er um tekjutengdar bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins skal yfirlýsing um tekjur fylgja umsókn. Í framkvæmd leiðir tekjuyfirlýsing einstaklings oft til of- eða vangeiðslna tekjutengdra bóta samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá september 1999 en endurákvörðun bóta veldur miklum vandkvæðum og óþægindum. Frumvarpið gerir því ráð

fyrir að til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skuli leggja $\frac{1}{12}$ af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins og lokauppgjör fari fram í kjölfar álagningar skattfirvalda á opinberum gjöldum með vélrænni samkeyrslu. Frumvarpið gerir því ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins fái aðgang að upplýsingum frá skattfyrvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum til að geta ákvarðað og greitt út bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar. Tryggingastofnun ríkisins hefur reynt að meta áhrif þessara breytinga á greidda tekju-tryggingu á úrtak og reyndust greiðslur hækka nokkuð hjá fimmtungi einstaklinga en lækka hjá sama hlutfalli. Verði frumvarpið að lögum á þessu ári kæmi ákvörðun bóta samkvæmt nýju tekjuhugtaki til framkvæmda á árinu 2003. Að teknu tilliti til heildarfjárhæða er gert ráð fyrir óverulegum mismun bótagreiðslna samkvæmt nýju tekjuhugtaki.

Rétt er að vekja athygli á að breytingar sem frumvarp þetta leggur til að gerðar verði á tekjuhugtaki almannatrygginga krefjast mikilla endurbóta á tölvukerfum Tryggingastofnunar. Kostnaður við endurbætur á tölvukerfi stofnunarinnar í heild er í sjálfstæðri athugun og er ekki tekið mið af þeim kostnaði í umsögn þessari.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir að hafi Tryggingastofnun ofgreitt bætur hafi hún heimild til að draga ofgreiddar bætur frá bótum sem bótaþegi kann síðar að öðlast rétt til eftir sérstökum reglum. Stofnunin getur einnig krafist endurgreiðslu samkvæmt almennum reglum. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir að þegar bætur eru vangreiddar skuli greiða bótaþega 5,5% ársvexti á þá bótafjárhæð sem vangreidd var og reiknast frá þeim degi sem skilyrði bótanna var uppfyllt. Þá skal einnig greiða vexti á bótafjárhæð leiði úrskurður úrskurðarnefnda til þess að einstaklingur eigi rétt á bótum en hann hafði áður fengið synjun eða lægri bætur hjá Tryggingastofnun. Hafi móttakandi bóta fengið hærri bætur með sviksamlegum hætti skal hann greiða dráttarvexti. Erfitt er að meta aukin útgjöld stofnunarinnar samkvæmt þessu ákvæði, ekki síst vegna þess að ekki er skýrt kveðið á um hvað teljist vangreiddar bætur og frá hvaða tíma greiða skuli vexti. Ljóst er þó að hér getur verið um umtalsverðan kostnaðarauka að ræða fyrir Tryggingastofnun. Á hinn bóginn má benda á að breytingar á tekjuhugtaki sem frumvarpið leggur til muni leiða til meiri nákvæmni við ákvörðun bótaréttar og draga úr tilvikum þar sem um vangreiddar bætur er að ræða. Samkvæmt gildistökuákvæðum frumvarpsins er lagt til að þessar breytingar komi til framkvæmda 1. janúar 2003.

Í þriðja lagi er lagt til að bætur elli- og örorkulífeyrisþega falli niður ef hann dvelst á sjúkrahúsi sem er á föstum fjárlögum lengur en sex mánuði á tólf mánaða tímabili í stað þess að miða við fjögurra mánaða dvöl á 24 mánaða tímabili eins og verið hefur. Vegna breytinga sem orðið hafa á heilbrigðisþjónustu þykja fjórir mánuðir vera of stuttur tími og til óhagræðis fyrir lífeyrisþega. Á móti kemur að bætur falla niður á fyrsta degi næsta mánaðar frá innlögn ef ljóst er að um varanlega innlögn er að ræða. Með frumvarpinu eru einnig gerð skýrari ákvæði um uppbót á lífeyri, þ.e. elliheimilisuppbót og dvalarheimilisuppbót. Í frumvarpinu er lagt til að þessi uppbót, sem þar er nefnd vistunarframlag, greiðist beint til stofnunar. Ef miðað er við úrtaksathugun Tryggingastofnunar sem tók til greiðslna til um 70 einstaklinga í maí á þessu ári má gera ráð fyrir að auknum útgjöldum Tryggingastofnunar vegna rýmri viðmiðunartíma til bótagreiðslna verði að mestu mætt með lækkun útgjalda til þeirra sem fara á hjúkrunarheimili til varanlegrar dvalar. Ekki hefur verið gerð athugun vegna fleiri mánaða og því er nokkur óvissa um áhrif þessara breytinga. Engu síður má búast við að útgjöld Tryggingastofnunar geti aukist nokkuð vegna þeirra sem þó ætti ekki að vera meira en 5–10 m.kr. á ári. Samkvæmt gildistökuákvæði frumvarpsins er lagt til að þessar breytingar taki gildi í ársbyrjun 2003.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um að háskólanemar og nemar í starfsnámi sem stunda nám í heilbrigðisgreinum og raunvísindum verði, þegar þeir sinna verklegu námi, slysatryggðir á sama hátt í iðnnemar í löggiltum iðngreinum. Með hliðsjón af slysatíðni meðal heilbrigðisstétta og nema í ljósi reynslu liðinna ára má gera ráð fyrir að kostnaður við þessar tryggingar sé hverfandi.

Nokkur óvissa er um heildaráhrif þessa frumvarps á útgjöld ríkissjóðs. Með hliðsjón af gildistökuákvæðum frumvarpsins verður ekki séð að útgjöld ríkissjóðs aukist á árinu 2002 verði það óbreytt að lögum. Á árinu 2003 kemur hins vegar til framkvæmda ákvæði um vaxtagreiðslur vegna vangreiddra bóta og breyttra ákvæða um greiðslu bóta við innlögn á stofnanir. Mikil óvissa er um þessa tvo þætti og talið að útgjaldauki hvors þeirra um sig geti orðið allt að 5–10 m.kr. á ári. Ljóst er þó að alltaf kemur til einhverra vaxtagreiðslna vegna vangreiddra bóta sem má áætla að verði að lágmarki 1–2 m.kr. Á sama ári fer einnig að gæta áhrifa nýs tekjuhugtaks en talið er að þau áhrif verði óveruleg.